Skólaárið 2015-2016

# Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2016

ÁRSKÓLI SAUÐÁRKRÓKI

LIFA LEIKA LÆRA

Skólaárið 2015-2016

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ... 2
Meginniðurstöður ... 4
Inngangur ... 7
Um Árskóla ... 8
Skólastefna Árskóla ... 10
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats ... 11
Sjálfsmat veturinn 2015-2016 ... 13
Innra mat á skólastarfi - starfsfólk ... 15
**Mat á læsisgæðagreinum ... 15**
Markmið og leiðir ... 16
Samstarf við heimilin ... 16
Samfella á milli skólastiga ... 17
Lestrarhvetjandi umhverfi ... 17
Einstaklingsmiðun ... 18
Tvítyngi og fjöltyngi ... 18
Skimanir ... 18
Verklag ... 19
**Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* ... 19**
Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat ... 19
Mat á gæðagreini 2.7 Samstarf ... 20
**Umbótaáætlun skólaársins 2015-2016 - starfsfólk ... 20**
Innra mat á skólastarfi - nemendur: ... 28
**Mat á gæðagreini um skólastarf í Árskóla ... 28**
**Umbótaáætlun skólaársins 2015-2016 - nemendur ... 29**
Skólapúlsinn ... 31
**Skólapúlsinn foreldrar ... 32**
**Skólapúlsinn nemendur ... 35**
**Skólapúlsinn starfsfólk ... 37**
Árleg skimun, starfsfólk ... 41
Áætlun um sjálfmat 2016-2019 ... 42
Viðaukar ... 43

**Viðauki I, árleg skimun, maí 2016** ..... 44
**Viðauki II, einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** ..... 45
**Viðauki III, gg. Nýr nemendagæðagreinir** ..... 47
**Viðauki IV, gg. Læsi, markmið og leiðir** ..... 49
**Viðauki V, gg. Læsi, samstarf við heimilin** ..... 51
**Viðauki VI, gg. Læsi, samfella á milli skólastiga** ..... 52
**Viðauki VII, gg. Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi** ..... 53
**Viðauki VIII, gg. Læsi, einstaklingsmiðun** ..... 55
**Viðauki IX, gg. Læsi, tvítyngi og fjöltyngi** ..... 56
**Viðauki X, gg. Læsi, skimanir** ..... 58
**Viðauki XI, gg. Læsi, verklag** ..... 59

## Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var ákveðið að leggja áherslu á að vinna að Læsisstefnu Skagafjarðar og hefja innra matið á því að meta þætti læsisstefnunnar með aðferð Gæðagreina. Jafnframt var ákveðið að leggja áherslu á aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu. Á skólaárinu var tekin í notkun ný uppfærsla Skota á sjálfsmatsaðferðinni *How good is our school?*, í íslenskri þýðingu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Starfsmenn í læsisráði, sem í sátu fulltrúar úr leik- og grunnskólum í Skagafirði auk fulltrúa frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, unnu að því að setja fram gæðaviðmið læsisstefnunnar á gæðagreinaform svo hægt væri að leggja þá fyrir til mats og umbóta hjá starfsmönnum, leik- og grunnskóla í Skagafirði. Alls voru því átta gæðagreinar um læsisstefnu búnir til og lagðir fyrir starfsfólk skólans í upphafi skólaárs og unnið var með niðurstöður þeirrar mats- og umbótavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið. Ný stjórn nemendafélags tók við boltanum af fráfarandi stjórn og hélt áfram að vinna að nýjum gæðagreini um skólastarf þar sem mikilvægustu þættir þess að mati nemenda voru settir á gæðagreinaform. Gæðagreinirinn var lagður fyrir alla nemendur 5. – 9. bekkjar á skólaárinu. Þegar ný íslensk þýðing á skoska sjálfsmatskerfinu lá fyrir fengu allir starfsmenn skólans kynningu á nýja efninu þar sem farið var yfir helstu áherslubreytingar og uppfærslur á sjálfsmatsaðferðinni. Tveir gæðagreinar úr nýja efninu voru lagðir fyrir til mats- og umbóta hjá starfsfólki skólans.

Alls voru því lagðir fyrir tíu gæðagreinar til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu og einn fyrir nemendur. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér fyrir neðan. Leiðir til umbóta má lesa nánar um í umbótaskýrslum sem birtar eru í skýrslunni.

**<u>Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:</u>**

| **Mat starfsfólks** | |
|---|---|
| **Læsi, markmið og leiðir**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5, 5, 5**<br>**Miðstig: 4, 4, 4**<br>**Unglingastig: 4, 5, 3** | **Læsi, samstarf við heimilin**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5, 4, 5**<br>**Miðstig: 4, 4, 4**<br>**Unglingastig: 1, 4, 2** |
| **Læsi, samfella á milli skólastiga**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 4**<br>**Miðstig: 4** | **Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5**<br>**Miðstig: 4** |

| | |
|---|---|
| **Unglingastig: 4** | **Unglingastig: 5** |
| **Læsi, einstaklingsmiðun**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5**<br>**Miðstig: 5**<br>**Unglingastig: 3** | **Læsi, tvítyngi og fjöltyngi**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 2**<br>**Miðstig: 1**<br>**Unglingastig: 2** |
| **Læsi, skimanir**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5**<br>**Miðstig: 5**<br>**Unglingastig: 5** | **Læsi, verklag**<br>**Matseinkunn:**<br>**Yngsta stig: 5, 5, 5**<br>**Miðstig: 5, 5, 5**<br>**Unglingastig: 5, 6, 5** |
| **gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat**<br>**Matseinkunn: 4, 5, 4, 4-5, 3, 5-4, 5-4, 5-4, 4, 4** | **gg. 2.7 Samstarf**<br>**Matseinkunn: 5, 5, 5-4, 5, 6-5, 4, 5, 5-4, 4, 5** |
| **Mat nemenda:** | |
| **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Árskóla – 9. bekkur***<br>**Matseinkunn: 4, 4, 5, 4, 5** | **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Árskóla – 8. bekkur***<br>**Matseinkunn: 4, 4, 4, 4, 3, 4, 4** |
| **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Árskóla – 7. bekkur***<br>**Matseinkunn: 4, 4, 5, 4, 3** | **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Árskóla – 6. bekkur***<br>**Matseinkunn: 3, 3, 3, 4, 4, 3, 4, 4** |
| **Nýr gæðagreinir um *skólastarf í Árskóla – 5. bekkur***<br>**Matseinkunn: 4, 5, 5, 4, 5, 5, 4** | |

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hverrar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins sem sjá má í viðauka II.

Samtals sjö starfsmenn skólans fóru í tveimur ferðum til Skotlands á skólaárinu og kynntu sér nýjungar hjá Skotum varðandi innra matið. Ferðirnar voru styrktar af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins.

Annað árið í röð voru árlegar viðhorfakannanir lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Nú getur starfsfólk skólans bæði skoðað stöðu í einstökum þáttum til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í

niðurstöður kannananna jafnt og þétt yfir skólaárið en heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Árleg skimun starfsfólks á Gæðagreinum var lögð fyrir í lok skólaársins í síðasta sinn í núverandi mynd vegna innleiðingar á nýrri uppfærslu sjálfsmatsaðferðarinnar, ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** Heildarniðurstöður eru afar jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks, en þar má nefna að auka þarf þátttöku foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna í námi barna sinna og almennt í starfi skólans. Einnig að auka þurfi hollustugildi fæðuframboðs í mötuneyti og skerpa á umhverfissjónarmiðum ásamt því að auka fræðslu til nemenda og starfsfólks um umhverfismál. Auk þess þarf að vinna að áætlun um skipulega safnafræðslu. Allir ofangreindir þættir mælast þó með aukna jákvæða svörun miðað við frá fyrra skólaári. Skv. skimuninni þarf að auka fjölbreytni í námsmatsaðferðum og nýtingu upplýsinga úr námsmati. Alls svöruðu 70 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Ný þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu, sem nú mun byggja á nýja efninu ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?,*** útgefið í apríl 2016, hjá Fræðsluþjónustu Skagfirðinga.

# Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar hér.

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu ***How Good Is Our School.*** Skotarnir hafa uppfært efnið nokkrum sinnum. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt ***Gæðagreinar*** í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, ***How good is our school 3, the journey to excellence,*** þýdd yfir á íslensku og nefndist þá ***Gæðagreinar 2***. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, ***How good is our school,*** 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri var íslenska þýðingin ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** gefin

út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstoðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn koma að matsvinnunni og þáttur nemenda í mati á skólastarfinu hefur aukist og er í þróun. Á undanförnum misserum hafa nýir gæðagreinar verið búnir til af starfsfólki skólans sem snúa beint að sérstöðu Árskóla. Stjórn nemendafélagsins hefur jafnframt tekið þátt í slíkri vinnu.

## Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 336 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 74. Í ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans ***lifa, leika, læra.*** Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimálum o.s.frv. þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaraþoni, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni.

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má nefna þemadaga, þorrablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, vinabæ Skagafjarðar, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Comeniusi á undanförnum misserum.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. nýtt verkefni í *upplýsinga- og tæknimennt*, verkefni um *fagmennsku starfsfólks*, *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefni í *Byrjendalæsi*. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli á skólaárinu þar sem þetta er þriðja skólaárið í röð sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsaðferðirnar í gegnum Gæðagreinana eru traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Öll starfsemi skólans er á einum stað í skólahúsnæði við Skagfirðingabraut. Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldann, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstæður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, tómstunda- og heilsdagsskóli Árskóla, er starfræktur í nýuppgerðu rými í húsnæði skólans. Starfsemin hefur verið aðlöguð breyttum aðstæðum í skólastarfinu m.a. með styttingu vistunartíma og nýjum húsnæðisaðstæðum. Skólalóðin er nýtt til útivistar og verkgreinastofur, skólasafn, matsalur og önnur rými skólans eru nýtt eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf
- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

## Skólastefna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.
Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólastefna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun***.** Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, vinna saman í teymum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum ***lifa – leika – læra***.

Að ***lifa*** vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda

- þjálfi hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að ***leika*** vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að ***læra*** vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, ***How good is our school***. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: ***Hversu góður er grunnskólinn* okkar?**

Í sjálfsmatskerfinu ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. **Forysta og stjórnun**
2. **Námsskilyrði**

## 3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott,*** sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

**Framkvæmd matsins:**

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslu.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:**

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi.*** Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta,*** umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn,*** eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta.***

## Sjálfsmat veturinn 2015-2016

Í upphafi skólaársins var sameiginlegu verkefni leik- og grunnskóla um mótun læsisstefnu Skagafjarðar hrundið af stað. Tónlistarskóli Skagafjarðar átti einnig aðkomu að verkefninu. Í tengslum við verkefnið voru gæðaviðmið búin til fyrir átta gæðagreina um einstaka þætti læsisstefnunnar. Allt starfsfólk skólans kom að mats- og umbótavinnu og sá læsisteymi skólans um fyrirlögn, úrvinnslu og eftirfylgni á skólaárinu. Áætlað er að læsisstefna Skagafjarðar verði tilbúin til útgáfu í lok næsta skólaárs en samhliða vinnunni stendur innleiðing stefnunnar yfir í skólum Skagafjarðar.

Ný útgáfa af skosku sjálfsmatsaðferðinni *How good is our school?*, fjórða útgáfa, var gefin út í september sl. á ráðstefnunni *The Schottish learning festival* sem haldin er árlega í Glasgow.

Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagfirðinga sá um íslenska þýðingu efnisins og var þeirri vinnu lokið í apríl sl. Íslenska heitið á efninu er *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* og leysir af hólmi *Gæðagreina 2* sem gefnir voru út árið 2010. Í kjölfarið fékk allt starfsfólk kynningu á nýjungum og áherslubreytingum sjálfsmatsaðferðarinnar sem byggir þó á fyrri útgáfum og grunnhugmyndafræðin er sú sama. Tveir nýir gæðagreinar voru lagðir fyrir til mats- og umbóta úr nýja efninu fyrir allt starfsfólk skólans. Meðfram mats- og umbótavinnunni var ný nálgun kynnt varðandi framkvæmd og efnistök.

Stjórn nemendafélagsins vann að að nýsmíði gæðagreina með aðstoð og leiðsögn fulltrúa úr sjálfsmatsteymi, þessi vinna hófst á síðasta skólaári en ný stjórn nemendafélagsins tók við boltanum og fullgerði gæðaviðmiðin. Gæðagreinirinn snerist um áherslur í skólastarfi Árskóla, sýn nemenda. Þarna bjuggu nemendur til gæðaviðmið um skólastarfið og drógu fram mikilvægustu þættina að þeirra mati. Gæðagreinirinn var svo lagður fyrir til mats og umbóta hjá öllum nemendum í 5. – 9. bekk. Þegar búið var að taka saman mats- og umbótavinnu nemenda unnu umsjónarkennarar hvers árgangs áfram með niðurstöður nemenda m.a. á bekkjarfundum.

Enn hefur ekki náðst að festa í sessi aðkomu foreldra að mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðum skólans en stefnt er að því að auka þátttöku þeirra með innleiðingu nýrrar útgáfu af sjálfsmatskerfinu. Sýn foreldra/forsjáraðila á skólastarfið kemur hins vegar m.a. fram í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins. Rýnt er í niðurstöður foreldrakönnunar og brugðist við þeim m.a. með því að setja niðurstöður beint inn í matsferli.

Samtals sjö starfsmenn skólans heimsóttu skoska grunnskóla í tveimur ferðum til að kynna sér nýjungar í innra mati á skólastarfi í Skotlandi á skólaárinu. Ferðin var styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins.

**Matsþættir skólaársins 2015-2016 voru eftirfarandi:**

- **Nýir gæðagreinar vegna Læsisstefnu Skagafjarðar**
  - Einstaklingsmiðun
  - Lestrarhvetjandi umhverfi
  - Læsi, markmið og leiðir
  - Samfella á milli skólastiga

  - Samstarf við heimilin
  - Skimanir
  - Tvítyngi og fjöltyngi
  - Verklag
- **Nýr nemendagæðagreinir**
  - Sýn nemenda á skólastarf í Árskóla
- **Lykilþáttur 2 úr nýrri útgáfu *Hversu góður er skólinn okkar?***
  - gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat
  - gg. 2.7 Samstarf

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

## Innra mat á skólastarfi - starfsfólk

## Mat á læsisgæðagreinum

Á skólaárinu var unnið að læsisstefnu Skagafjarðar. Í kjölfar *Hvítbókar* menntamálaráðherra og *Þjóðarsáttmála um læsi* var ákveðið að taka höndum saman og vinna að sameiginlegri læsisstefnu leik- og grunnskóla í Skagafirði auk aðkomu Tónlistarskóla Skagafjarðar. Verkefnið var því unnið í samvinnu allra skólanna. Myndað var svokallað læsisráð með fulltrúum úr hverjum skóla sem annaðist umsýslu og verkstjórn yfir verkefninu, í því sátu einnig fulltrúar frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir sérkennari var verkefnastjóri læsisráðs en fulltrúi Árskóla í því ráði var Anna Steinunn Friðriksdóttir sérkennari. Fulltrúar í læsisráði frá hverjum skóla voru í forsvari fyrir verkefninu á hverjum stað og myndað var læsisteymi í hverjum skóla. Í upphafi verkefnisins voru sett fram gæðaviðmið og búnir til átta gæðagreinar um hvern þátt læsisstefnunnar. Þættirnir voru eftirfarandi: *Markmið og leiðir, samstarf við heimilin, samfella á milli skólastiga, lestrarhvetjandi umhverfi, einstaklingsmiðun, tvítyngi og fjöltyngi, skimanir* og *verklag*.

Gæðagreinarnir voru lagðir fyrir til mats og umbóta í hverjum skóla á haustönn. Búið er að uppfæra gæðaviðmiðin í takt við þróun verkefnisins og má sjá gæðagreinana átta í viðaukum IV-XI. Þess má geta að læsisráð heimsótti læsisráðgjafa Menntamálastofnunar í janúar sl. sem m.a. fóru yfir læsisgæðagreina og vinnu læsisráðs að læsisstefnu Skagafjarðar og gáfu góð ráð og ábendingar um það sem betur mætti fara. Ráðgert er að læsisstefna Skagafjarðar verði fullbúin í lok næsta skólaárs.

Í Árskóla voru gæðagreinarnir lagðir fyrir starfsfólk á hverju stigi fyrir sig til mats og umbóta. Samantekt á styrkleikum varðandi einstaka þætti læsisstefnunnar að mati starfsfólks er sett hér fram eftir stigum:

## Markmið og leiðir

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott**

**Yngsta stig:** Helstu styrkleikar voru einkum þeir að sameiginleg sýn ríki á mikilvægi læsis. Að starfsfólk notar fjölbreyttar aðferðir við lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsið, því þar eru allir að vinna eftir sömu hugmyndafræði.

**Miðstig:** Helstu styrkleikar eru eftirfarandi: Við höfum sameiginlega sýn á að lestur er mikilvægur þáttur í öllu námi, og unnið er jöfnum höndum með lesskilning og tæknilega þætti læsis. Grunnkennsluaðferðin er Byrjendalæsi. Sameiginleg sýn okkar á mikilvægi lesturs gagnvart öllu námi. Læsi er komið inn í stundatöflu nemenda, allir kennarar eru meðvitaðir um að efla læsi og vilja vinna markvisst að því.

**Unglingastig:** Allir kennarar leggja áherslu á aukinn lesskilning, orðaforða og málskilning og við reynum að flétta sem flesta þætti inn í kennslu í öllum greinum. Sýn okkar er sú að lestur sé grunnur alls náms, bók- og verknáms. Unnið markvisst með fjölbreyttan texta. Við höfum innleitt aðferðir verkefnisins „Orð af orði“ sem tekur við af Byrjendalæsi. Við höfum þá trú að allir kennarar séu íslenskukennarar. Vinna með tæknilega þætti læsis hefur aukist og er í framför, sbr. heimsóknir náms- og starfsráðgjafa í alla árganga á unglingastigi. Vinna með nemendum í 9. bekk í minni lestrarhópum til að efla færni þeirra í læsi.

## Samstarf við heimilin

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 1 Ófullnægjandi – 5 Mjög gott**

**Yngsta stig:** Samstarf milli heimilis og skóla sbr. ítarlegir kynningarfundir. Áhersla á heimalestur nemenda og mikilvægi þátttöku og ábyrgðar foreldra í heimalestri.

**Miðstig:** Skólinn leggur mikla áherslu á læsi og nemendur hafa gott aðgengi að bókasafni skólans. Þátttaka foreldra í málörvun, áhersla á heimalestur nemenda og ábyrgð og stuðningur foreldra vegna heimalesturs. Foreldrar/forsjáraðilar eru virkjaðir í þróun læsis hjá nemendum.

**Unglingastig:** Við sjáum engar sterkar hliðar. Heimalestur er lítill á unglingastiginu. Þörf er á kynningarfundum og átaki í lestri.

## Samfella á milli skólastiga

**Heildareinkunnargjöf var einkunnin 4 Gott**

**Yngsta stig:** Vaxandi góð upplýsingamiðlun á milli skólastiga/skólagerða.
**Miðstig:** Það er gott upplýsingaflæði á milli skólastiga/skólagerða og við reynum að byggja lestrarnámið á færni barnsins.
**Unglingastig:** Við miðlum upplýsingum milli skólagerða og skólastiga.

## Lestrarhvetjandi umhverfi

**Heildareinkunnargjöf var einkunnin 4 Gott – 5 Mjög gott**

**Yngsta stig:** Gott skipulag sem er sýnilegt og aðgengilegt fyrir alla.

**Miðstig:** Við höfum fjölbreytt, aðgengilegt, aldurssvarandi lesefni fyrir börn til að lesa sér til ánægju. Við leggjum áherslu á að dagsskipulag, reglur og fleira sé sýnilegt fyrir alla. Við búum yfir ríkum aldurssvarandi efniviði og leikjum til örvunar máls og læsis. Við vinnum með fjölbreyttar tegundir texta og vinnum markvisst með þá í námi og kennslu.

**Unglingastig:** Góð aðstaða er til náms. Jákvæð breyting í skólastarfinu hvað kennarar eru farnir að lesa meira um leið og nemendur og eru þannig góðar fyrirmyndir (lestrarstundir).

## Einstaklingsmiðun

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott**

**Yngsta stig:** Við gætum þess að nemendur hafi efni við hæfi og bregðumst strax við ef grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika.
**Miðstig:** Við störfum eftir hugmyndafræðinni *skóli án aðgreiningar* og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám með tilheyrandi einstaklingsnámskrám.
**Unglingastig:** Almennt séð komum við vel til móts við alla nemendur.

## Tvítyngi og fjöltyngi

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu einkunnin 1 Ófullnægjandi – 2 Slakt**

**Yngsta stig:** Engir styrkleikar settir fram.

**Miðstig:** Þegar um verkefni, próf og skimanir er að ræða er tekið tillit til þess ef um nemendur er að ræða sem tala fleiri en eitt tungumál.

**Unglingastig:** Við erum meðvituð um að þegar verkefni, skimanir og próf tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál.

## Skimanir

**Heildareinkunnargjöf var 5 Mjög gott**

**Yngsta stig:** Við notum skimanir til að finna þá sem eiga í erfiðleikum og bregðumst við.

**Miðstig:** Við höfum reglulegar skimanir og nýtum niðurstöður þeirra til frekara náms.

**Unglingastig:** Við leggjum reglulega fyrir skimanir og notum þær til að koma betur til móts við nemendur.

## Verklag

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 5 Mjög gott – 6 Framúrskarandi**

**Yngsta stig:** Virkt læsisteymi. Kynning á læsisstefnu. Undirbúningur hjá læsisteymi er með þeim hætti að það gefur miklar væntingar um faglegt og árangursríkt starf. Þetta er sýnin og ef markmiðin ganga eftir þá standa þessir fimm.

**Miðstig:** Verklag við gerð læsisstefnu í fullum gangi. Góð kynning á læsisstefnu.

**Unglingastig:** Heildarvinna sveitarfélagsins hefur farið vel af stað. Allt í topplagi hér. Búið er að mynda læsisteymi sem hefur hafið störf.

# Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

## Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott**

Þetta var fyrsti gæðagreinirinn úr nýju útgáfunni, ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** sem lagður var fyrir til mats í Árskóla. Öllu starfsfólki skólans var skipt í hópa en alls voru tíu matshópar að störfum. Styrkleikar sem dregnir voru fram í matsskýrslum sneru m.a. að námsumhverfinu sem er jákvætt, uppbyggjandi og skapar grunn fyrir góðan námsárangur að mati starfsfólks. Námsmarkmið eru skýr. Öll skráning, matstæki, skýrslugerð, áætlanagerð, námsmat, námsmatsaðferðir og eftirfylgni er í góðum farvegi. Nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu á eigin forsendum og eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða. Starfsmenn skólans eru mjög virkir í innleiðingu á nýsköpun, nýrri námstækni og kennsluaðferðum. Stoðþjónustan mætir þörfum nemenda sem á þurfa að halda. Nám er einstaklingsmiðað. Starfsfólk hefur aðgang að og notar niðurstöður úr menntarannsóknum til að bæta nám og kennslu. Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir hvert fag og árgang þar sem námsmarkmið og fyrirkomulag námsmats er sett fram. Þær eru aðgengilegar öllum á heimasíðu skólans. Gott aðgengi er að ráðgjöf varðandi skólaþróun. Stjórn nemendafélagsins er virk. Mjög öflug náms- og starfsfræðsla. Notuð eru stöðluð próf og kannanir með reglubundnum hætti í skólanum.

## Mat á gæðagreini 2.7 Samstarf

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 4 - Gott - 6 Framúrskarandi**

Gæðagreinirinn var metinn af tíu hópum starfsmanna í Árskóla. Styrkleikar sem starfsfólk setti fram í matsskýrslu voru eftirfarandi: Við erum mjög virk í að sækja okkur þekkingu og færni á aðra staði, jafnt innanlands sem utan og deilum þeirri þekkingu innan skólasamfélagis. Samstarf við nærsamfélagið er talsvert mikið og erum við alltaf að leita nýrra leiða til að auka það. Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til virkrar þátttöku í skólastarfinu. Samstarf heimilis og skóla hefur verið stóraukið einkum hjá þeim sem höllum fæti standa í námi og í félagslegu tilliti. Fræðsluámskeið eru haldin fyrir foreldra í upphafi 1., 5. og 8. bekkja auk ýmissa fræðslufunda og nefna má stærðfræðinámskeið sem hefur verið í boði fyrir foreldra sem vilja styðja við nám barna sinna. Foreldrafundir eru haldnir í hverjum árgangi. Árskóli gefur ýmislegt af sér til samfélagins, t.d. með Árskóladeginum, árshátíðarsýningum, sumarsælukaffi, friðargöngu, þemadögum, gleðigöngu, Lúsíuhátíð, lestri í Ársölum, vinadögum, sumarsælukaffi, maraþoni 10. bekkinga og fleiri viðburðum. Nemendur fara í starfskynningar og starfsþjálfun til fyrirtækja. Almennt finnst hópnum að samstarf innan skólans sem utan sé gott og hafi því bein og óbein áhrif á árangur og líðan nemenda. Mikil og góð símenntun er til staðar, má þar nefna ýmis námskeið sem haldin hafa verið innan skólans og faglega fimmtudaga. Við erum skóli sem lærir og erum dugleg að deila upplýsingum og sniðugum hugmyndum okkar á milli. Það samstarf sem er fyrir hendi einkennist af trausti og virðingu.

## Umbótaáætlun skólaársins 2015-2016 - starfsfólk

| **Læsi, markmið og leiðir** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Setja skýr markmið varðandi læsi og leiðir til læsis. Skipuleggja íslenskukennslu á heildstæðan hátt. Hver árgangur hafi skýr | Kennarar skólanna ásamt læsisteymi. Allt starfsfólk. | Vor 2016. | Tíma, vinnuframlag og fjármagn. Vilja, þor og kraft. Upplýsingar og | Með matsvinnu þegar markmiðin hafa verið samin. Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang. Með sjálfsmati. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| markmið og viðmið um færni við lok hvers árgangs. | | | samráð við aðra fagaðila/skóla. | |
| Að allir kennarar líti á það sem hlutverk sitt að efla orðaforða og málskilning nemenda. | Allir kennarar | Sem fyrst | Hugarfarsbreytingu: Allir kennarar eru íslenskukennarar. | Setja spurningu inn í starfsmannakönnun. |
| Vinna markvissar með Orð af orði á miðstigi. Auka fjölbreytni í ritmáli (ljóð, auglýsingar, leiðbeiningar o.s.frv.). Vinna betur að tæknilegum þáttum læsis. | Umsjónarkennarar í samráði við læsisráð. Náms- og starfsráðgjafi. | Aldrei | Skipulag, hugmyndabanka og deila góðum hugmyndum. Einhverskonar safn fjölbreytts lesefnis sem höfðar til nemenda á yngsta stigi og væri aðgengilegt umsjónarkennurum. | Með sjálfsmati. |
| Auka þarf hlut fjölíðakennara í markvissri áherslu á lesskilningi. | Læsisteymi og læsisráð. | Vor 2016. | Samvinnu. | Með sjálfsmati. |
| Gera þarf nemendur enn meðvitaðri um að árangur þeirra í lestri byggir að miklu leyti á ástundun þeirra. | Kennarar í öllum námsgreinum. | Stöðugt í vinnslu. | Læsisteymi leggur línurnar. | Bætt læsiskunnátta, meiri leshraði og aukinn lesskilningur. |
| Fjölga kennslustundum á unglingastigi sem eyrnamerktir eru læsisvinnu. Aukatíminn mætti vera íslenskutíminn. Danska hefur 4 stundir og íslenska 5. Hér er ekki verið að hampa íslenskunni. | Stjórnendur. | Sem fyrst. | Ákvörðun stjórnenda. | Sést á stundatöflu. |
| **Læsi, samstarf við heimilin** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Að auka fræðslu til foreldra um lestrarnám og mikilvægi þess að efla málþroska barna, m.a. með því að lesa fyrir þau. Gera foreldra meðábyrga varðandi | Fræðslufundir í skólanum, kynningarfundir og jafnvel dreifibréf. Umsjónarkennarar, deildarstjórar. | Árlegt verkefni sem lýkur aldrei. Þetta er hvatning sem þarf alltaf að vera í gangi. | Setja þetta markmið inn í læsisstefnuna og fylgja því eftir. Góða samvinnu milli heimila og skóla. Vilja og skipulag. | Setja spurningar inn í foreldrakönnun um þátttöku foreldra í læsi barna sinna. Foreldrar fá bækling eða segul á ísskáp með helstu upplýsingum, hægt |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| lestrarnám barnsins. Upplýsa foreldra betur um leiðir til að örva málþroska og hvaða leiðir skólinn fer. | | | Hvatningu og utanumhald frá læsisteymi. Efni til að senda heim. | að fylgjast með á Mentor hvaða upplýsingar berast til foreldra. |
| Setja heimalestur á í samvinnu við foreldra og fá þá til að kvitta fyrir lestur nemenda. Nemendur lesa inn á tæki og láta kennara fá skrána til sönnunar lesturs. | Umsjónarkennarar, deildarstjórar. | | Skipulag og kynningu til foreldra og nemenda. Eftirfylgni. | Með kvittanaheftum. Þegar skránum er skilað inn. |
| **Læsi, samfella á milli skólastiga** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Bæta samfellu í lestrarnámi og lestrarkennslu á milli skólastiga og skólagerða með því að hafa fagstjóra/teymi í læsi. Betri eftirfylgni á samfellu á milli skólastiga og skólagerða. | Hafa fagstjóra/teymi í læsi. Allir sem koma að nemandanum. | Aldrei. | Starfsmann og fjármagn. Samstarf og áhuga. | Þegar farið er að vinna eftir læsisáætlun. Með sjálfsmati. |
| Skoða hvernig unnið er úr námsmati barna til að tryggja það að barnið fái þjálfun í þeim þáttum sem þörf er á. | Kennarar. | Aldrei. | Breyta verklaginu. | Með sjálfsmati. |
| **Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Útbúa þarf fleiri notaleg lestrarrými. | Stjórnendur í samráði við Eignasjóð. | Sem fyrst. | Fjármagn. | Með auknum árangri í lestri. |
| Það þarf að bæta við lesefni í kennslustofum til þess að það sé fjölbreyttara, t.d. tímarit, leiðbeiningar, kort, bæklingar og fjölmiðladagskrá. Að merkja hluti með orðum inni í skólastofunni og | Umsjónarkennari í samráði og samvinnu við safnakennara. | Verkefni sem er í stöðugri vinnslu. | Samstarf og hugmyndaauðgi, fjármagn. Framkvæmdasemi umsjónarkennara. | Sýnilegt í skólastofu. Með sjálfsmati. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| hengja upp algengustu íslensku orðin. | | | | |
| Kennarar mættu gjarnan hafa meiri samvinnu um góðar hugmyndir að málörvun. Allir kennarar/starfsmenn þurfa að verða góðar fyrirmyndir í lestrarstundum, vera með bækur og lesa ásamt nemendum. | Kennarar. | Viðvarandi verkefni. | Virkni viðkomandi. Koma með bækur og hefja lestur. | Fjölbreyttari kennsluhættir. Tiltæk hugmyndamappa. Starfsmenn að lesa. |
| Skólareglur þurfa að vera sýnilegar á veggjum skólans. Tilkynningaskjáinn í matsal mætti nýta til hvatningar, s.s. málshættir, fréttir úr héraði, orð dagsins, eitthvað sem vekur forvitni nemenda. Meira mætti vera um jákvæð hugtök um lestur í almennum rýmum skólans, t.d. orð dagsins, orð vikunnar, lestrartré o.þ.h. | Deildarstjóri. Ritari setur inn upplýsingar á tilkynningaskjá en allir starfsmenn taka þátt og safna í sarpinn. | Strax. | Hugmyndakassi hjá ritara. Mappa inni á sameignardrifi. Starfsmannafundi og stigsfundi til að koma þessu á. | Þegar skólareglurnar og annað efni er orðið sýnilegt í almennum rýmum skólans. |
| **Læsi, einstaklingsmiðun** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Aðlaga þarf betur námsefni að börnum með lestrarerfiðleika. Einnig mætti leita víðar fanga varðandi efnisval til að glæða áhuga nemenda. | Kennarar. | Eilífðarvinna. | Metnaðarfulla kennara sem fylgjast með þróun námsefnis. | Með spurningum í nemendakönnunum . |
| Skoða þarf betur einstaklingsáætlanir og hvenær þeirra er þörf. | Umsjónarkennarar og læsisteymið. | | Læsisstefnu. | |
| Þarf að vinna einstaklingsnámskrár varðandi læsi á unglingastigi. | Kennarar, þroskaþjálfar. | | | |
| **Læsi, tvítyngi og fjöltyngi** | | | | |

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|---|---|---|---|---|
| Nemendur þurfa að fá tækifæri til að lesa bækur og námsbækur á sínu eigin tungumáli. Greiða aðgengi tvítyngdra og fjöltyngdra barna að bókum/rafrænu efni á móðurmáli sínu. | Starfsmenn á bókasafni. Fjölskyldusvið. | Aldrei. | Það þarf fjármagn. Kaupa inn það efni sem vantar. | Þegar hægt er að taka erlendar bækur á safni og nota erlent námsefni t.d. á neti. |
| Endurskoða þjónustu tvítyngdra og fjöltyngdra barna. Að tvítyngd og fjöltyngd börn hafi tækifæri til náms á þeirra móðurmáli samhliða íslenskunni því á þeim grundvallast nám í nýja málinu. | Fjölskyldusvið. Stjórnendur. Einhver sem talar málið. | Aldrei. | Ráða inn kennara með þekkingu á móðurmáli hvers barns fyrir sig. Samstarf, tíma og fjármagn. | Þegar allir tví- og fjöltyngdir nemendur fá kennslu í sínu móðurmáli. Með sjálfsmati. |
| Með aukinni tæknivæðingu mætti skoða hvaða leiðir er hægt að fara til að koma betur til móts við þessa nemendur. | Fjölskyldusvið/ Kennsluráðgjöf. | Sem fyrst. | M.a. með því að nýta tungumálaverið í Laugalækjarskóla. | Með sjálfsmati. |
| **Læsi, skimanir** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Skoða og meta betur hvenær er þörf á einstaklingsáætlunum. | Umsjónarkennarar, sérkennarar. | | Læsisstefnu. | |
| Nýta betur niðurstöður skimana við gerð einstaklingsnámsskráa . | Kennarar, þroskaþjálfar. | | | |
| **Læsi, verklag** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Þetta er stefna sem er í vinnslu og reynslan verður að leiða í ljós hvernig gengur. Læsisstefnan og verklagið er nýtt af nálinni. Stefnan er | Læsisteymi, læsisráð og annað starfsfólk. | Vor 2016. | Vinnu. | Með gæðagreini. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| samin að bestu manna yfirsýn svo ekki er ástæða til að tala um betrumbætur fyrr en á hana reynir. | | | | |

| gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Auka úti- og grenndarkennslu og nýta nærsamfélagið betur til náms s.s. söfn, Litla skóg, Sauðána, vinnustaði. Útikennsla mætti vera markvissari í einstökum námsgreinum. | Starfsfólks skólans. | Þarf að vera í stöðugri þróun. Setja inn í námsáætl-anir fyrir næsta skólaár | Vilja, áhuga, skipulag. Setja markvisst inn í námsáætlun í öllum árgöngum. Fundi og skipulag. Búa til heildstæða áætlun um að nota nærsamfélagið til náms. Einnig þarf að klára útikennslustofu. | Með sjálfsmati. Hægt verður að skoða heildstæðu áætlunina og skoða hvort bekkir séu að fylgja henni. |
| Finna leiðir til að virkja foreldra og nemendur í skipulagningu og mati á námi | Stjórnendur, starfsfólk og fulltrúi foreldra | Fyrir næsta skólaár. Þarf að vera í stöðugri þróun. | Samvinnu heimila og skóla. Fundi og skipulag. Nemendur setji sér sjálfir markmið í náminu. | Með sjálfsmati |
| Bæta aðstöðu til náttúrufræðikennslu. | Sveitarfélagið. | Sem fyrst. | Klára byggingu skólans. | Með góðri aðstöðu til náttúrufræði-kennslu. |
| Að auka hlut jafningjamats í skólastarfinu. Þjálfa nemendur í jafningjamati sem leiðir til árangurs. | Kennarar, umsjónarkennarar Deildarstjórar. | Í haust. Sífellt í vinnslu. | Vilja, skipulag og tíma. Byrja strax að kenna nemendum aðferðina á yngri stigum. Fjölga þarf skiptum sem nemendur taka þátt í jafningjamati með gæðagreinum. | Með auknu sjálfsmati. |
| Sjá til þess að allir sitji við sama borð hvað varðar aðgang að tækjum/stafrænni tækni í námi. | Tækniteymi og stjórnendur. | Við upphaf skólaárs 2016-2017. | Fjármagn og skipulag. | Með gæðagreinum. Allir hafa aðgang að tækjum og tölum sem þarf til við nám. |
| Að hafa ögrandi/krefjandi viðfangsefni fyrir alla nemendur. | Allir kennarar skólans. | | Einstaklingsmiðun, markmiðssetning. | Með gæðagreini og leiðsagnarmati. |
| Að hafa markmið sýnilegri fyrir nemendur. Að | Nemendur, kennarar og | Gott væri að byrjað væri á þessu næsta | Vilja, áhuga, skipulag, ramma utan um áætlanagerð, t.d. í | Með gæðagreini, leiðsagnarmati |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| nemendur setji sér markmið svo tilgangur náms verði ljósari.<br>Við þurfum að auka skilning nemenda á eigin ábyrgð í námi og framvindu náms.<br>Að láta nemendur setja sér markmið í námi undir leiðsögn kennara/námsráðgjafa. | forráðamenn. Námsráðgjafi. | haust í einhverjum árgöngum. Nemendur setji sér markmið í september og í janúar. | googledrive. Breytt skipulag í leiðsagnarmati. | og í gegnum námsmat. |
| Markmiðstengja námsmat betur í hverri námgrein þannig að það sé meira lýsandi fyrir stöðu nemandans. Nýta betur niðurstöður úr samræmdum prófum, t.d. við kennslu á viðkomandi stigi. Nýta þarf betur gögn um námsstöðu nemenda til að tryggja framfarir í námi og kennslu. Bæta námsmatstækni í skólanum. Námsmatsviðmið og markmið þurfa að vera samræmd og gott flæði á milli skólastiga. | Kennarar, deildarstjórar, Umsjónarkennarar. | Í haust. Þegar næstu niðurstöðum samræmdra prófa er skilað. | Vilja, tíma, skipulag og fundartíma til að samræma vinnu starfsfólks. Auka svigrúm til að innleiða nýjar námsmatsaðferðir. | Með sjálfsmati. Nemendur taki meiri þátt í eigin námi og framvindu. |
| Þurfum að hampa betur nemendum sem standa sig vel utan skólans og gera afrek þeirra sýnilegri innan veggja skólans. Nýta það sem vel er gert til jákvæðra viðhorfa og hvetja til þátttöku annarra. Einnig þurfum við að að styðja nemendur markvisst til forystuhlutverka. | Starfsmenn skólans, ritari, umsjónarkennarar. Finna starfsmann sem hefur yfirumsjón með þessum þætti. | Í haust. | Skjá þar sem hægt er að sýna myndir og setja inn texta. Fela einhverjum að taka af skarið, afla sér upplýsinga og vera vakandi yfir árangri nemenda. Umsjónarkennarar gætu t.d. látið ritara vita af árangri utan skóla og ritari komið þeim upplýsingum á upplýsingaskjá. | Þegar afrek nemenda eru orðin sýnilegri og fólk orðið meðvitaðra um árangur nemenda. |
| Bæta þarf skilning starfsmanna á gagnasöfnum. | Stjórnendur. | Sem fyrst. | Fá fræðslu/fyrirlesara til að fjalla um og leiðbeina starfsfólki hvernig meta skuli gagnasöfn og nýta þau til bættra kennsluhátta. | Þegar starfsfólk metur gæðagreini 2.3 aftur ætti þessi liður að skila betri einkunn. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þurfum að laga skýrslugerð varðandi framfarir og stöðu nemenda í hreyfiþroska, sbr. nýju hæfniviðmiðin í aðalnámskrá. | Kennarar og stjórnendur. | Skólaárið 2016-2017. | Viðmið, tíma. | Kennarar geta fylgst betur með árangri og framförum nemenda sinna og sérstaklega foreldrar. |
| **gg. 2.7 Samstarf** | | | | |
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Nemendur þurfa að setja sér markmið í námi. Markmiðin verði einnig unnin í samstarfi við foreldra. | Nemendur, foreldrar, starfsfólk | Í upphafi hverrar annar/viku | Kennsluáætlanir og hæfniviðmið. | Þegar hæfniviðmiðum er náð. Markmiðin endurskoðuð og metin eftir áramót. |
| Við þurfum að nýta nærsamfélagið betur og markvissar í námi og kennslu t.d. þekkta sögustaði og sagnaslóðir. Hér eru perlur í næsta nágrenni t.d. fjaran, Litli-Skógur, Sauðáin og stöðuvötnin. Auka þarf samstarf við nærsamfélagið og auka þátttöku nemenda í heimsóknum og vettvangsferðum t.d. að hausti sem og að vori eftir aldri þeirra. Búa þarf til heildstæða áætlun um grenndarnám og kennslu fyrir 1. – 10. bekk. Hægt væri að nýta að einhverju leyti áætlun sem unnin var fyrir nokkrum misserum en var ekki tekin í gagnið. | Starfsfólk skólans í samráði við nærsamfélagið. Varðandi heildstæða áætlun um grenndarkennslu þarf að setja af stað þverfaglegan starfshóp saman af öllum stigum. | Í stöðugri þróun. Heildstæð áætlun tilbúin í lok næsta skólaárs. | Hugmyndaflug, framkvæmd og fjármunir(ferðakostnaður), skipulag og vilja. Setja starfshóp af stað í upphafi næsta skólaárs. | Með gæðagreini 2.7 Meta afrakstur í vinnu nemenda. Þegar markvissari samskipti eru komin á. Með sýnilegri og virkri úti- og grenndarkennslu. |
| Skilgreina þarf hlutverk og samstarf innan teyma betur. Skólinn þarf að setja skýrari markmið með tilgangi og starfsaðferðum teymanna sem yrði | Stjórnendur skólans<br>Öll teymi sem starfandi eru við skólann. | Í stöðugri þróun. | Markmiðssetningu af skólans hálfu<br>Ákveðið verklag fyrir teymi til að starfa eftir. | Með gæðagreini 2.7<br>Skilvirk teymi með skýra verkaskiptingu. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| þar með leiðbeinandi fyrir starfsfólk í teymum. | | | | |
| Halda þarf málfund um skólastarfið með úrtaki foreldra og kennurum. | Skólastjórnendur. | | | |
| Við þurfum að markmiðssetja samstarf við foreldra og forráðamenn svo allir skilji tilgang og hlutverk samstarfsins og allir axli ábyrgð. | Stjórnendur og starfsfólk. | Sem fyrst. Áætlun tilbúin vorið 2017. | Vilja, áhuga, frumkvæði, tíma. Skipulagningu og framkvæmd. | Þegar markmiðin eru komin inn í skólanámskrá. |
| Við þurfum að fjölga tækifærum nemenda til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. | Stjórnendur og starfsfólk. | Sem fyrst. | Vilja, áhuga, frumkvæði, tíma, skipulag. | |
| Við þurfum mælitæki sem sýnir fram á að jákvæð áhrif samstarfs auki árangur nemenda. | Kennarar og stjórnendur. | Í stöðugri þróun. | Samstarfstíma. Niðurstöður prófa/námsmats. | Með sjálfsmati. |

## Innra mat á skólastarfi - nemendur:

## Mat á gæðagreini  um skólastarf í Árskóla

**Heildareinkunnargjöf var á bilinu 3 Nægilegt – 5 Mjög gott**

Á undanförnum tveimur skólaárum hefur stjórn nemendafélagsins unnið að því að búa til sérstakan gæðagreini um skólastarf í Árskóla þar sem gæðaviðmið um sýn nemenda á mikilvægustu þætti skólastarfsins hafa verið sett fram. Nemendur unnu að þessu verkefni með aðstoð fulltrúa úr sjálfsmatsteymi skólans á nokkrum fundum. Nýr gæðagreinir leit svo dagsins ljós á þessu skólaári og var lagður fyrir alla nemendur í 5. – 9. bekk. Mats- og umbótavinnan fór fram í hópavinnu í hverjum árgangi þar sem deildarstjórar viðkomandi stiga, kennsluráðgjafi og umsjónarkennar aðstoðuðu nemendur. Gæðagreininn má skoða í viðauka III.

Samkvæmt niðurstöðum nemenda voru ýmsir styrkleikar skólastarfsins dregnir fram í matsskýrslu og ýmis atriði sett fram í umbótaáætlun. Helstu styrkleikar skólastarfsins að mati

nemenda voru m.a. eftirfarandi: Námið er fjölbreytt og skemmtilegt, sérstaklega þegar við notum iPad. Tæknin er komin langt í skólanum með tölvuverinu og iPödum. Stundataflan er vel gerð. Kennarar gera okkur grein fyrir markmiðum í námi og kannanir, verkefnaskil og próf dreifast vel yfir skólaárið. Námsefni er við hæfi. Við höfum góða námsaðstöðu, góðar stofur, ganga, bókasafn og fl. Kennsluaðferðir eru skemmtilegar, mismunandi og fjölbreyttar eftir kennurum. Valgreinar eru fjölbreyttar og skemmtilegar, eitthvað við hæfi allra. Okkur finnst við vera með gott bókasafn, íþróttahús og útisvæði. Mjög góð stuðningsaðstaða, nemendum er alltaf hjálpað. Krakkar sem eru með námserfiðleika fá góða hjálp.

Fjölbreyttur og hollur matur er í hádeginu. Umgengni í matsal er mjög góð. Góður matur en það er alltof oft fiskur.Vinaliðarnir eru til fyrirmyndar. Vinaliðaverkefnið hefur haft góð áhrif á frímínútur. Vinaliðaleikir eru alltaf í boði og við erum með alla hlutina til að fara í leiki. Það er mjög góður bekkjarandi og samskipti oftast góð á milli nemenda. Við getum verið mjög sjálfstæð. Jafnrétti er mikið í Árskóla. Mjög þægileg samskipti og gott að ræða við starfsfólk þegar maður þarf hjálp. Skólaliðarnir eru æðislegir og kennarar góðir. Það er vel tekið á eineltismálum sem upp koma. Ef það koma upp einhver vandamál leysa kennararnir og nemendur þau strax. Við lærum eitthvað nýtt á hverjum degi. Okkur líður vel með bekkjarsystkinum.

## Umbótaáætlun skólaársins 2015-2016 - nemendur

| **Nýr nemendagæðagreinir um skólastarf í Árskóla – sýn nemenda** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að gera?** | **Hver á að gera það?** | **Hvenær á því að vera lokið?** | **Hvað þarf til?** | **Hvernig á að meta árangurinn?** |
| Þarf að taka meira tillit til þeirra sem hafa minni hæfni í sérstökum námsgreinum. Þarf að fara hægar yfir námið. | Kennarar. | Strax. | Breytt hugarfar. | Þegar verkefninu er lokið. |
| Hafa meira útinám. Hafa meiri fjölbreytni í námi og prófa eitthvað nýtt t.d. tilraunir í náttúrufræði, stærðfræðileiki og meira verklegt. Hafa | Kennarar með nemendur sína. Skólastjóri. | Eins fljótt og hægt er. Fjölbreyttara val fyrir næsta skólaár. | Breytt hugarfar. Hugmyndaflug kennara. Hafa hugmyndavinnufund hjá nemendum og kennurum. Kennararnir þurfa að treysta okkur til að velja námsleiðir. | Þegar útinám verður byrjað. Athuga eftir nokkur skipti hvernig okkur líkar þetta og hvernig þetta gagnast okkur. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| meira og fjölbreyttara val í námi. | | | | Þegar búið verður að fjölga valgreinum. |
| Þurfum að fá meiri upplýsingar frá kennurum t.d. um heimanámið. | Kennarar. | Fyrir lok skólaársins. | Mentor app. | Með upplýsingum. |
| Mætti vera skemmtilegra úrval í morgun- og hádegismat. Þarf að laga umgengni í matsal. | Starfsfólk í mötuneyti og þeir sem búa til matinn. Nemendaráð. Hver og einn nemandi þarf að laga umgengni. | Strax. | Breyttan innkaupalista og brauðrist. Að hver nemandi hugsi um sína umgengni. | Þegar krakkar eru sammála um að það sé komið fjölbreyttara úrval í fæðuvali. Skoða hvort umgengni hefur batnað. |
| Auka virðingu í samskiptum og bæta bekkjarandann. Bæta jafnrétti t.d. í íþróttum. Gefa stelpum meiri tækifæri í íþróttum. Laga kynjajafnrétti í skólanum. Bæta samskipti stráka. Bæta samskipti á milli stelpna og stráka. Bæta samskipti starfsfólks og nemenda.<br>Við ættum að hafa val um hvort við förum á ART fundi eða ekki. Annað hvort báðir hópar, stelpur og strákar eða enginn. | Sumir nemendur. Íþróttakennarar. Nemendur geta rætt við kennarana. | Eins fljótt og hægt er. Þegar við höfum val um hvort við mætum á ART. | Breytt hugarfar. Tala um þetta og reyna að fá því breytt að við höfum val. | Sjá hvort eitthvað hafi breyst. Rætt á bekkjarfundi. Bætt samskipti með samvinnu. |
| Fræða kennara og starfsfólk meira um tækni. | Tæknimenntuð manneskja. | Á næsta skólaári. | Námskeið með kennurum. | Taka próf í tækni. |
| Dreifa prófum betur og ekki hafa bara eina til tvær vikur þar sem eru próf alla daga. Draga úr prófum. Minnka stundum fjölda heimaverkefna á viku. | Kennararnir. | Næsta ár. | Að breyta dagskrá vorsins og dreifa prófunum. Ný stundatafla. | Þegar búið verður að dreifa prófunum. Fækkun prófa og heimaverkefna. |
| Vera í tímunum sem eru á stundatöflunni. Að láta skólann byrja einu sinni í viku kl. 9:00. | Kennararnir | Sem fyrst. | Að vera í tímum sem eru skráðir á stundatöflu. | Þegar þetta er komið til framkvæmda. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Meiri danskennslu svo að dansmaraþonið verði auðveldara og skemmtilegra. | Logi danskennari og skólinn. | | Fjármagn og skipulag. | Þegar allir kunna að dansa. |
| Nemendur þurfa að sýna meiri metnað í náminu. Hafa meiri vinnufrið í tímum. | Nemendur og kennarar. | Sem fyrst. | Jákvæðni, metnað. Allir þurfa að hjálpast að. Nota meira af heyrnartólum. | Kennarar sjá hvort nemendur hafa staðið sig betur. Ræða saman á bekkjarfundi. |
| Taka betur á einelti. | Nemendur og kennarar. | Sem fyrst. | Hlusta betur á þann sem lagður er í einelti og fara oftar í könnun. | Með niðurstöðum úr könnun. |
| Þurfum að fá náttúrufræðistofu og fleiri sérgreinastofur. | Skólinn. Skólastjóri. | | Að skólinn útbúi náttúrufræðistofu. Áhöld. | Þegar náttúrufræðistofa er komin og fleiri sérgreinastofur. |
| Laga A – álmuna. | Skólastjóri. | Sem fyrst. | Peninga og smiði. | Þegar búið verður að laga A- álmuna. |
| Kaupa nýjar tölvur. | Starfsfólk. | Aldrei. | Peninga. | Þegar þær eru komnar. |

## Skólapúlsinn

Á skólaárinu voru nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, annað árið í röð. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk, úrtak 120 foreldra/forsjáraðila nemenda við skólann svo og allt starfsfólk. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Sérstakur matskvarði er notaður til að lesa úr niðurstöðum kannana í Skólapúlsinum. Gildið 5 á kvarðanum táknar meðaltalið fyrsta starfsár Skólapúlsins árið 2008-2009. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Það merkir þá að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt

fråbrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur.Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Á öðrum matsþáttum er búin til vísitala úr einum eða fleiri svarmöguleikum. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá **hér.**

Auk Skólapúlskannana var árleg skimun lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Þetta verður í síðasta sinn sem hún verður lögð fyrir í þeirri mynd sem hún er í dag þar sem að sjálfsmatsaðferðin hefur verið uppfærð. Gert er ráð fyrir að ný skimun, byggð á sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar*?, verði búin til á næsta skólaári.

## Skólapúlsinn foreldrar

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 47 skólum og var könnunin lögð fyrir í febrúar. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 120 barna sem boðið var að taka þátt í könnuninni. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í skólanum þá er helmingur könnunar sendur á netfang hvors foreldris. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Árskóla var 91,2% eða 104 foreldrar/forsjáraðilar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka þeir eru *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Nám og kennsla** | | | | |
| Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 5,7 | 92 | 5,1 | **0,6*** |
| Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra | 5,3 | 92 | 5,0 | **0,3*** |
| Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%) | 95,5% | 85/89 | 89,4% | 6,1% |
| Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%) | 87,4% | 76/87 | 84,4% | 3,0% |
| Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%) | 87,8% | 79/90 | 78,2% | **9,6%*** |
| Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra (%) | 75,6% | 68/90 | 74,7% | 0,9% |
| Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra (%) | 83,0% | 73/88 | 76,3% | 6,7% |

Í flokknum *nám og kennsla* kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist hærri í öllum þáttum miðað við viðmiðunarskólana. Þrír þættir mælast marktækt hærri miðað við viðmiðunarskóla en þeir eru *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*, *nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár* og *hæfilegur agi að mati foreldra*. Allir þættirnir mælast hærri nú miðað við svörun foreldra Árskóla frá í fyrra utan tveir sem standa í stað.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Velferð nemenda** | | | | |
| Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 5,3 | 95 | 4,7 | **0,6*** |
| Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (%) | 96,7% | 88/91 | 88,2% | **8,5%*** |
| Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%) | 95,7% | 88/92 | 91,3% | 4,4% |
| Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (%) | 95,7% | 88/92 | 91,4% | 4,3% |
| Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%) | 95,6% | 86/90 | 88,2% | **7,4%*** |
| Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%) | 4,3% | 4/93 | 10,6% | **-6,3%*** |
| Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%) | 80,0% | 4/5 | 59,5% | 20,5% |
| Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (%) | 80,0% | 4/5 | 56,1% | 23,9% |
| Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%) | 88,3% | 68/77 | 78,3% | **10,0%*** |
| Meðaltímabil eineltis (ár) | 2,2 | 5 | 1,5 | 0,7 |
| Staðir innan skólans sem einelti á sér stað | - | 4 | - | - |

Í flokknum *velferð nemenda* mælast fjórir þættir marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, ánægja foreldra með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda*, *líðan nemenda í frímínútum almennt*, og *ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans*. Á milli ára hefur ánægja foreldra í Árskóla með eineltisáætlun skólans hækkað úr 75% í 88,3%. Umfang eineltis mælist marktækt lægra. Ánægja foreldra með úrvinnslu og hraða á eineltismálum mælist hærri miðað við viðmiðunarskólana en meðaltímabil eineltis mælist lengra samkvæmt könnuninni. Líðan nemenda í skólanum almennt og í kennslustundum að mati foreldra mælist hærri en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist ekki.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Aðstaða og þjónusta** | | | | |
| Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum | 6,0 | 92 | 5,0 | **1,0*** |
| Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili | 6,2 | 39 | 4,8 | **1,4*** |
| Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili (%) | 44,6% | 41/92 | 37,8% | 6,8% |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu | - | 48 | - | - |
| Ánægja foreldra með sérkennslu/ stuðning í skólanum (%) | 92,3% | 24/26 | 89,2% | 3,1% |
| Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skóla (%) | 29,7% | 27/91 | 29,3% | 0,4% |
| Tíðni sérkennslu/stuðnings (%) | 68,0% | 17/25 | 75,7% | -7,7% |
| Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun (%) | 51,9% | 14/27 | 29,8% | **22,1%*** |
| Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun (%) | 85,7% | 12/14 | 65,9% | 19,8% |
| Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu (%) | 85,7% | 6/7 | 88,9% | -3,2% |
| Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaár (%) | 10,9% | 10/92 | 14,4% | -3,5% |
| Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%) | 80,5% | 70/87 | 75,4% | 5,1% |
| Notkun á mötuneyti (%) | 95,7% | 88/92 | 86,9% | **8,8%*** |
| Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti, *verð* (%) | - | - | - | - |

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram í svörum foreldra/forsjáraðila Árskóla að þeir eru marktækt ánægðari með *aðstöðu í skólanum* og *tómstundaþjónustu/frístundaheimili* en í viðmiðunarskólunum. Þeir eru einnig ánægðari með *sérkennslu/stuðning* í skólanum þrátt fyrir að munurinn sé ekki marktækur. Hlutfall nemenda sem nýtur *sérkennslu/stuðningsþjónustu* í skólanum mælist örlítið hærra miðað við viðmiðunarskóla en *tíðni sérkennslu* mælist þó lægri. Marktækur munur mælist í svörum foreldra/forsjáraðila varðandi *hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun*, skv. niðurstöðum er munurinn liðlega 22,1%. Færri foreldar/forsjáraðilar hafa óskað eftir *sálfræðiþjónustu* fyrir börn sín miðað við viðmiðunarskólana á þessu skólaári og *ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu* mælist örlítið lægri. Foreldrar/forsjáraðilar eru einnig ánægðari með *máltíðir í mötuneyti* og *notkun nemenda á mötuneyti* hér mælist marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Munurinn er 8,8% en hér nýta um 95,7% allra nemenda mötuneytið skv. niðurstöðum úr könnuninni.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Foreldrasamstarf** | | | | |
| Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi | 4,5 | 94 | 5,0 | **-0,5*** |
| Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%) | 63,7% | 58/91 | 55,1% | 8,6% |
| Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á | - | 77 | - | - |
| Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á | - | 59 | - | - |
| Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%) | 97,9% | 92/94 | 95,3% | 2,6% |
| Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali | - | 94 | - | - |
| Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda (%) | 55,1% | 49/89 | 54,0% | 1,1% |
| Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%) | 87,5% | 77/88 | 83,1% | 4,4% |
| Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%) | 89,2% | 83/93 | 77,8% | **11,4%** |
| Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá | 74,2% | 69/93 | 70,7% | 3,5% |

Í flokknum *foreldrasamstarf* finnst foreldrum/forsjáraðilum í Árskóla *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi* vera minna en í viðmiðunarskólunum, munurinn mælist marktækur. Foreldrar/forsjáraðilar í Árskóla telja að þeir hafi meiri *áhrif á ákvarðanir sem teknar eru varðandi nemendur*, þeir eru ánægðari með síðasta *foreldraviðtal* og telja sig vera betur *upplýsta um stefnu skólans og námskrá*. Örlítið fleiri foreldrar/forsjáraðilar segjast taka þátt í *gerð námsáætlunar* með barni sínu en í viðmiðunarskólanum. Foreldrar/forsjáraðilar eru marktækt ánægðari með *heimasíðu skólans* miðað við landsmeðaltal og eru betur *upplýstir um stefnu skólans og námskrá* skv. niðurstöðum könnunarinnar.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Heimastuðningur** | | | | |
| Virkni foreldra í námi barna sinna | 5,0 | 95 | 4,9 | 0,1 |
| Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið | 4,6 | 95 | 4,6 | 0,0 |
| Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,7 | 95 | 4,5 | 0,2 |
| Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%) | 74,0% | 71/96 | 70,4% | 3,6% |
| Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, *+15 mín* (%) | 48,4% | 46/95 | 55,9% | -7,5% |
| Væntingar foreldra til menntunarstigs barns síns (%) | 77,3% | 68/88 | 74,8% | 2,5% |

Foreldrar/forsjáraðilar í Árskóla telja sig vera örlítið meira *virkir í námi barna* sinna. *Trú þeirra á eigin getu* til að hjálpa barni sínu með námið mælist við landsmeðaltal. Fleiri foreldrar/forsjáraðilar segja *heimavinnu* nemenda vera hæfilega en færri foreldrar *aðstoða börn sín við heimanám* skv. könnuninni. *Væntingar foreldra til menntunarstigs* barns síns er örlítið hærra en landsmeðaltal viðmiðunarskólanna.

## Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 126 grunnskólum á landinu fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk á skólaárinu. Það eru um 80% grunnskóla í landinu sem taka þátt í könnuninni og um 90% allra nemenda í 6. – 10. bekk. Hér í Árskóla var könnunin lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og apríl. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirlögn. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa* og *skóla- og bekkjarandi*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Alls tóku 156 nemandi þátt í könnuninni, 76 strákar og 80 stúlkur, svarhlutfall var 91,8%. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

| | Niður-staða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Virkni nemenda í skólanum** | | | | |
| Ánægja af lestri | 4,9 | 155 | 5,0 | -0,1 |
| Þrautseigja í námi | 5,0 | 156 | 5,1 | -0,1 |
| Áhugi á stærðfræði | 4,8 | 156 | 5,2 | **-0,4*** |
| Áhugi af náttúrufræði | 4,8 | 156 | 5,1 | -0,3 |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi | 4,9 | 156 | 5,2 | **-0,3*** |
| Trú á eigin námsgetu | 4,6 | 154 | 5,1 | **-0,5*** |

Í flokknum *virkni* nemenda standa nemendur Árskóla sig marktækt lakar í þremur af sex þáttum miðað við þátttökuskólana. Þeir þættir eru litaðir bláir og stjörnumerktir. Þetta eru þættirnir *áhugi á stærðfræði*, *trú á eigin vinnubrögðum í námi* og *trú á eigin námsgetu*. *Þrautseigja í námi* mælist minni nú en í fyrra en það er í takt við niðurstöður á landsvísu. *Áhugi á náttúrufræði* mælist örlítið lægri miðað við svörun nemenda í Árskóla frá í fyrra, öfugt við samanburðarskólana.

| | Niður-staða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Líðan og heilsa** | | | | |
| Sjálfsálit | 5,0 | 154 | 5,1 | -0,1 |
| Stjórn á eigin lífi | 4,7 | 155 | 5,0 | **-0,3*** |
| Vellíðan | 4,8 | 155 | 5,0 | -0,2 |
| Einelti | 5,0 | 154 | 5,1 | -0,1 |
| Tíðni eineltis (%) | 7,1% | 11/154 | 11,4% | -4,3% |
| Hreyfing (%) | 71,4% | 110/154 | 71,9% | -0,5% |
| Mataræði | 4,3 | 154 | 4,9 | **-0,6%** |

Í öllum flokknum *líðan og heilsa* mælist Árskóli lægri en viðmiðunarskólarnir. Nemendur Árskóla hafa marktækt minni *stjórn á eigin lífi* og *mataræði* þeirra er marktækt lakara miðað við nemendur í viðmiðunarhópi. Jafnframt *hreyfa* nemendur Árskóla sig minna en nemendur í þátttökuskólunum samkvæmt könnuninni en hafa engu að síður aukið við hreyfingu sína miðað við niðurstöður síðasta skólaárs. *Sjálfsálit* nemenda mælist örlítið lægra nú en í viðmiðunarskólunum en mælist þrátt fyrir það hærra nú miðað við niðurstöður skólans á síðasta skólaári. Sama gildir um *vellíðan* nemenda. *Einelti* mælist lægra í Árskóla skv. könnunum Skólapúlsins miðað við þátttökuskólana. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga

tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Hér gætir því misræmis miðað við niðurstöður mælinga úr Olweusarkönnun, en í þeirri könnun mælist einelti meðal nemenda í 5. – 10. bekk í Árskóla 4,5% en könnunin var lögð fyrir alla nemendur í þessum árgöngum í nóvember 2015, auk nemenda í 4. og 5. bekk.

| | **Niður-staða** | **Fjöldi svara** | **Landsmeðaltal** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|
| **Skóla- og bekkjarandi** | | | | |
| Samsömun við nemendahóp | 4,8 | 154 | 5,1 | **-0,3*** |
| Samband nemenda við kennara | 5,1 | 154 | 5,1 | 0,0 |
| Agi í tímum | 4,4 | 155 | 5,1 | **-0,7*** |
| Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,0 | 154 | 5,2 | -0,2 |
| Mikilvægi heimavinnu í náminu | 5,2 | 152 | 5,0 | **0,2*** |

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í þremur þáttum af sex á svörum nemenda í Árskóla miðað við þátttökuskólana. Þetta eru þættirnir *samsömun við nemendahóp*, *agi í tímum* og *mikilvægi heimavinnu í náminu*. Samsömun við nemendahóp og agi mælist lakari hér en nemendur meta mikilvægi heimavinnu meiri en í þátttökuskólunum. *Samband nemenda við kennara* mælist við landsmeðaltal en mælist engu að síður lægri nú miðað við frá fyrra skólaári og *virkni nemenda í tímum* mælist örlítið lægri en í þátttökuskólunum.

## Skólapúlsinn starfsfólk

Viðmiðunarhópur þessarar könnunar samanstóð af svörum starfsmanna úr 57 grunnskólum og var könnunin lögð fyrir í mars. Svarhlutfall starfsmanna Árskóla var 97,3% en alls svöruðu 72 starfsmenn könnuninni. Könnunin mælir fimmtán almenna þætti. Auk þeirra eru kennarar beðnir um að gefa upplýsingar um aðra 28 þætti. Skólastjórnendur fá auk þess spurningar sem snúa að rekstri skólans en þær taka til átján þátta til viðbótar. Allir starfsmenn svara tveimur fyrstu efnisflokkunum en það eru flokkarnir *almennt um skólastarfið* og *viðhorf til skólans*. Kennarar svara auk þess fjórum öðrum efnisflokkum en þeir eru um *kennarastarfið*, *starfsumhverfi*, *mat og endurgjöf* og *símenntun*. Hver efnisflokkur skiptist svo niður í mismarga matsþætti. Hér á eftir má sjá upplýsingar frá skólastjórnendum varðandi almennar rekstrarupplýsingar um skólann. Þar á eftir koma niðurstöður úr starfsmannakönnun sem beint var til allra starfsmanna svo og kennara sérstaklega.

| | Niðurstaða | Árskóli | Lands-meðaltal | Viðmiðunar skólar | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Almennar rekstrarupplýsingar** | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks | 10 | 1 | 10,6 | 54 | -0,6 |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfóks við önnur störf | 14,7 | 1 | 24,1 | 53 | -9,4 |
| Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu | 40,4% | 1 | 33,1% | 53 | 7,3% |
| Kynjahlutfall: Hlutfall karlmanna sem sinnir kennslu | 22,0% | 1 | 18,6% | 53 | 3,4% |
| Hlutfall kennara án háskólamenntunar | - | 0 | 1,5% | 45 | - |
| Skipulagt samstarf | - | - | - | - | - |
| Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu | 18,3% | 1 | 23,2% | 46 | -4,9% |
| Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu | 7,7% | 1 | 6,8% | 42 | 0,9% |
| Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál | 2,9% | 1 | 5,6% | 49 | -2,7% |
| Símenntunarskylda – fjöldi daga | 4,0 | 1 | 5,0 | 51 | -1,0 |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi | - | 0 | 20,3 | 50 | - |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi | - | 0 | 21,6 | 49 | - |
| Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglingastigi | - | 0 | 22,3 | 48 | - |
| Fjöldi nemenda á hverja tölvu | 3,4 | 1 | 5,5 | 47 | -2,1 |
| Hlutfall far- og spjaldtölva | 70,0% | 1 | 53,2% | 47 | 16,8% |
| Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu | 0 | 1 | 149,1 | 51 | -149,1 |
| Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa | 17 | 1 | 16,5 | 51 | 0,4 |
| Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu | 0,4 | 1 | 0,7 | 49 | -0,3 |
| Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra | 81,6% | 1 | 65,8% | 55 | 15,8% |

*Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi* kennara og annars starfsfólks er lægri en hjá viðmiðunarskólunum. *Hlutfall karlmanna sem sinna kennslu* er hærra en í viðmiðunarskólunum og munar þar um 3,4%. *Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu* mælist lægra í Árskóla en *nemendur sem njóta sérstuðnings* annars en sérkennslu eru örlítið fleiri miðað við viðmiðunarskóla. *Færri nemendur eru með annað móðurmál en íslensku* í Árskóla í samanburði við viðmiðunarskólana. *Færri tölvur eru á hvern nemanda* í skólanum en *fleiri far- og spjaldtölvur miðað við landsmeðalta*l. *Hlutfall starfsfólks sem er 40 ára og eldra* er hærra en í viðmiðunarskólunum og munar þar 15,8%.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Allir starfsmenn - Almennt** | | | | |
| Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð **(dagar)** | 2,1 | 71 | 2,0 | 0,1 |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(annað)** | - | 4 | - | - |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(skipti)** | 1,3 | 70 | 1,2 | 0,1 |
| Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð **(annað)** | - | 4 | - | - |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð **(skipti)** | 0,2 | 70 | 0,3 | **-0,1*** |
| Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (%) | 68,1% | 47/69 | 68,5% | -0,4% |
| Gagnsemi starfsmannaviðtals (%) | 89,1% | 41/46 | 82,0% | 7,1% |
| Tíðni áreitni meðal starfsfólks (%) | 11,4% | 8/70 | 18,3% | -6,9% |
| Tíðni eineltis meðal starfsfólks (%) | 7,1% | 5/70 | 9,8% | -2,7% |

*Seinkoma starfsfólks til vinnu undanfarinn mánuð* mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. *Fjarvistir* starfsmanna mælast örlítið hærri í Árskóla. Örlítið færri starfsmenn hafa farið í *starfsmannaviðtöl undanfarið ár* miðað við viðmiðunarskólana en *gagnsemi* þeirra mælist meiri í Árskóla. *Tíðni áreitni og eineltis* meðal starfsfólks mælist lægri nú en hjá viðmiðunarskólunum en mældist marktækt hærri í fyrra. En þar er bæði vísað til eineltis/áreitni af hendi samstarfsmanna svo og af hendi nemenda/foreldra.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans** | | | | |
| Starfsánægja í skólanum | 5,2 | 71 | 5,1 | 0,1 |
| Starfsandi innan skólans | 5,6 | 71 | 5,0 | **0,6*** |
| Stjórnun skólans | 5,3 | 70 | 5,0 | 0,3 |
| Upplýsingastreymi innan skólans | 5,4 | 71 | 4,7 | **0,7*** |
| Starfsaðstaða í skólanum | 5,2 | 71 | 4,5 | **0,7*** |

Í flokknum *viðhorf til skólans* mælist *starfsandi*, *upplýsingastreymi innan skólans* og *starfsaðstæð*ur marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. *Þættirnir starfsánægja* og *stjórnun skólans* mælast jafnframt hærri en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist ekki.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Kennarastarfið** | | | | |
| Ánægja með kennarastarfið | 5,2 | 37 | 4,8 | 0,4 |
| Trú kennara skólans á eigin getu | 4,5 | 37 | 4,8 | -0,3 |
| Upplýsingamiðlun til foreldra | 4,3 | 35 | 5,0 | **-0,7*** |
| Tími heimavinnu á viku **(mín)** | 33,4 | 31 | 45,7 | **-12,3*mín** |
| Undirbúningur kennslu í skólanum (%) | 81,1% | 30/37 | 69,5% | 11,6% |
| Öllum bekknum kennt í einu (%) | 38,9% | 14/36 | 47,4% | -8,5% |
| Hópavinna í bekk (%) | 32,4% | 12/37 | 28,5% | 3,9% |
| Einstaklingsvinna í bekk (%) | 16,7% | 6/36 | 31,3% | -14,6% |
| Einstaklingsmiðuð kennsla | 38,2% | 13/34 | 45,8% | -7,6% |
| Áhersla kennara á námsmat með prófum (%) | 20,0% | 7/35 | 21,3% | -1,3% |
| Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum % | 64,9% | 24/37 | 74,5% | -9,6% |

Hér svara eingöngu kennarar en *ánægja með starfið* mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum en *trú kennara á eigin getu* mælist örlítið lægri. *Upplýsingamiðlun* til foreldra mælist marktækt minni en í viðmiðunarskólunum. Skemmri tíma er varið í *heimavinnu nemenda* en í viðmiðunarskólunum og mælist munurinn þar marktækt lægri. Undirbúningur kennslu í skólanum mælist rúmum 11% hærri í Árskóla en í viðmiðunarskólunum.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Starfsumhverfi kennara** | | | | |
| Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika | 5,5 | 35 | 4,7 | **0,8*** |
| Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda | 6,0 | 31 | 4,8 | **1,2*** |
| Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara | 5,6 | 37 | 4,9 | **0,7*** |
| Samráð um kennslu | 4,3 | 36 | 5,1 | **-0,8*** |
| Samvinna um kennslu | 5,1 | 35 | 5,1 | 0,0 |
| Valddreifing við ákvarðanatöku | 5,4 | 34 | 4,6 | **0,8*** |
| Virk samvinna um skólaþróun og umbætur | 5,5 | 34 | 4,7 | **0,8*** |
| Vinnuaðstæður kennara | 5,9 | 35 | 5,1 | **0,8*** |

Í flokknum starfsumhverfi kennara mælast sex af átta matsþáttum marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *stuðningur við kennara vegna náms- og hegðunarörðugleika hjá nemendum*, *faglegur stuðningur skólastjóra við kennara*, *valddreifing við ákvarðanatöku*, *virk samvinna um skólaþróun og umbætur* og *vinnuaðstæður kennara*. *Samvinna um kennslu* mælist við landsmeðaltal en *samráð um kennslu* mælist marktækt lægra en í viðmiðunarskólunum og mælist jafnframt lægra innan skólans á milli skólaára.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Mat og endurgjöf** | | | | |
| Umfang mats og endurgjafar (%) | 70,6% | 24/34 | 61,8% | 8,8% |
| Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara (%) | 59,4% | 19/32 | 46,3% | 13,1% |
| Sanngirni mats og endurgjafar (%) | 92,6% | 25/27 | 90,3% | 2,3% |
| Gagnsemi mats og endurgjafar (%) | 90,9% | 20/22 | 87,1% | 3,8% |
| Nýting á niðurstöðum kennaramats | 4,6 | 16 | 4,4 | 0,2 |

Í flokknum *mat og endurgjöf* mælast allir þættir hærri en í viðmiðunarskólunum. Samanburður á milli ára innan skólans gefur til kynna að *umfang mats og endurgjafar* hefur aukist, *gagnsemi*

*mats og endurgjafar* hefur aukist úr 84,2% í 90,9% en svörun um *sanngirni mats og endurgjafar* hefur lækkað úr 100% í 92,6%.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Lands-meðaltal | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| **Kennarar - Símenntun kennara** | | | | |
| Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (dagar) | 7,9 d. | 28 | 13,6 d. | **-5,7* d.** |
| Símenntunarþörf kennara | 5,5 | 34 | 5,4 | 0,1 |
| Símenntunarþörf kennara (annað) | - | 1 | - | - |
| Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mán. (%) | 77,8% | 28/36 | 58,6% | **19,2*%** |
| Hindranir í símenntun kennara | - | - | - | - |
| Form símenntunar sem óskað er eftir | - | 35 | - | - |

Miðað við niðurstöður starfsmannakönnunarinnar kemur fram að kennarar í Árskóla nýta marktækt færri daga til *endurmenntunar* á ársgrundvelli miðað við viðmiðunarskólana, eða 5,7 dögum færri. Hlutfall kennara sem hefðu hins vegar viljað meiri *símenntun* undanfarna 18 mánuði skv. niðurstöðum mælast marktækt hærri miðað við viðmiðunarskólana.

## Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok maí í síðasta sinn í núverandi mynd. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar er einnig hægt að skoða samanburð einkunnagjafar í einstökum matsþáttum við niðurstöður árlegrar skimunar frá síðustu tveimur skólaárum. Heildarniðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar og hafa flestir þættir skólastarfins fengið hærri einkunn nú miðað við niðurstöður frá síðasta skólaári. Það eru einkum tveir þættir sem huga þarf betur að á næsta skólaári að mati starfsfólks, þeir eru:

- Auka þátttöku foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna í starfi skólans og námi barna sinna
- Auka fjölbreytni í námsmati og úrvinnslu upplýsinga úr námsmati
- Nýta húsnæði, aðbúnað og aðstöðu betur til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi
- Gera áætlanir um skipulega safnafræðslu
- Auka hollustugildi fæðuframboðs í mötuneyti

- Skerpa á umhverfissjónarmiðum, auka fræðslu til nemenda og starfsfólks

## Áætlun um sjálfmat 2016-2019

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni ***Hversu góður er skólinn okkar?***, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr nýja efninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

| Skólaár | 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 |
|---|---|---|---|
| **Haustönn** | | | |
| | 2.1 Nemendavernd | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 2.3 Nám, kennsla og námsmat |
| | 2.2 Skólanámskrá | 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat | 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar |
| | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| **Miðönn** | | | |
| | 2.4 Einstaklingsmiðun | 1.2 Forysta í skólastarfi | 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur |
| | 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi | 1.3 Breytingastjórnun | 3.3 Sköpun og starfshæfni |
| | | gg. Olweusargæðagreinir | |
| | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi | Mat nemenda á skólastarfi |
| | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| | Skólapúlsinn foreldrar | Skólapúlsinn foreldrar | Skólapúlsinn foreldrar |
| | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk | Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk |
| **Vorönn** | | | |
| | 2.6 Samfella í skólastarfi | 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 2.7 Samstarf |
| | gg. Viðburðadagar í skólastarfi | 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | gg. Mötuneyti, fæðuframboð |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | gg. Jafnrétti, lagt bæði fyrir nemendur og starfsmenn |
| | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk | Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk |
| | Skólapúlsinn starfsmenn | Skólapúlsinn starfsmenn | Skólapúlsinn starfsmenn |
| | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks | Árleg skimun starfsfólks |
| | gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum | gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum | gg. Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum |
| **Júní** | | | |
| | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla | Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla |

## Viðaukar

Viðauki I árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2016

Viðauki II einkunnaskali, ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?***

Viðauki III gg. Nýr nemendagæðagreinir

Viðauki IV gg. Læsi, markmið og leiðir

Viðauki V gg. Læsi, samstarf við heimilin

Viðauki VI gg. Læsi, samfella á milli skólastiga

Viðauki VII gg. Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi

Viðauki VIII gg. Læsi, einstaklingsmiðun

Viðauki IX gg. Læsi, tvítyngi og fjöltyngi

Viðauki X gg. Læsi, skimanir

Viðauki XI gg. Læsi, verklag

| Viðauki I, árleg skimun, maí 2016 | 1 Ófullnægjandi | 2 Slakt | 3 Nægilegt | 4 Gott | 5 Mjög gott | 6 Framúrskarandi | Svörun | Meðaleinkunn | **% m eink 4-6 2016** | % m eink 4-6 2015 | % m eink 4-6 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hver eru gæði námsárangurs nemenda að þínu mati? | 0 | 0 | 4 | 36 | 19 | 0 | 59 | 4,25 | **93%** | 83% | 89% |
| Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti? | 0 | 0 | 4 | 26 | 28 | 4 | 62 | 4,52 | **94%** | 93% | 91% |
| Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska? | 0 | 2 | 2 | 29 | 27 | 1 | 61 | 4,38 | **93%** | 85% | 91% |
| Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans? | 2 | 12 | 7 | 32 | 9 | 0 | 62 | 3,55 | **66%** | 60% | 75% |
| Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans? | 0 | 0 | 1 | 18 | 40 | 5 | 64 | 4,77 | **98%** | 94% | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu? | 0 | 3 | 8 | 27 | 25 | 2 | 65 | 4,23 | **83%** | 88% | 81% |
| Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild? | 0 | 0 | 0 | 27 | 37 | 2 | 66 | 4,62 | **100%** | 94% | 94% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskrárinnar? | 0 | 1 | 1 | 25 | 28 | 1 | 56 | 4,48 | **96%** | 93% | 90% |
| Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum? | 0 | 0 | 4 | 25 | 24 | 2 | 55 | 4,44 | **93%** | 90% | 86% |
| Á hvaða hátt finnast þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda? | 0 | 2 | 1 | 31 | 24 | 0 | 58 | 4,33 | **95%** | 84% | 82% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttað? | 0 | 1 | 2 | 18 | 34 | 4 | 59 | 4,64 | **95%** | 91% | 90% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga? | 1 | 1 | 1 | 31 | 22 | 1 | 57 | 4,32 | **95%** | 83% | 75% |
| Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum? | 4 | 4 | 5 | 27 | 19 | 0 | 59 | 3,90 | **78%** | 81% | 90% |
| Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi? | 2 | 4 | 6 | 32 | 9 | 0 | 53 | 3,79 | **77%** | 82% | 74% |
| Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri? | 0 | 0 | 1 | 29 | 30 | 4 | 64 | 4,58 | **98%** | 92% | 81% |
| Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda? | 0 | 0 | 0 | 13 | 46 | 7 | 66 | 4,91 | **100%** | 98% | 99% |
| Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu? | 0 | 0 | 3 | 22 | 37 | 2 | 64 | 4,59 | **95%** | 91% | 90% |
| Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans? | 3 | 4 | 9 | 33 | 11 | 0 | 60 | 3,75 | **73%** | 70% | 65% |
| Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna? | 0 | 0 | 1 | 24 | 34 | 4 | 63 | 4,65 | **98%** | 98% | 91% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir? | 0 | 0 | 2 | 16 | 34 | 9 | 61 | 4,82 | **97%** | 97% | 94% |
| Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat? | 0 | 1 | 1 | 17 | 30 | 9 | 58 | 4,78 | **97%** | 98% | 92% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn? | 0 | 0 | 5 | 30 | 14 | 2 | 51 | 4,25 | **90%** | 93% | 90% |
| Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu? | 0 | 0 | 4 | 31 | 19 | 1 | 55 | 4,31 | **93%** | 79% | 83% |
| Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni? | 1 | 3 | 3 | 31 | 18 | 0 | 56 | 4,11 | **88%** | 88% | 83% |
| Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans? | 0 | 0 | 0 | 15 | 44 | 3 | 62 | 4,81 | **100%** | 98% | 96% |
| Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju? | 0 | 2 | 6 | 19 | 27 | 5 | 59 | 4,46 | **86%** | 81% | 85% |
| Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans? | 0 | 3 | 7 | 24 | 21 | 2 | 57 | 4,21 | **82%** | 82% | 86% |
| Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila? | 0 | 2 | 2 | 31 | 23 | 2 | 60 | 4,35 | **93%** | 84% | 83% |
| Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar? | 0 | 1 | 4 | 10 | 34 | 12 | 61 | 4,85 | **92%** | 87% | 83% |
| Hvernig metur þú gæði þverfaglegrar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðiþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)? | 0 | 2 | 5 | 31 | 15 | 1 | 54 | 4,15 | **87%** | 90% | 89% |
| Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans? | 0 | 1 | 4 | 13 | 21 | 3 | 42 | 4,50 | **88%** | 95% | 88% |
| Á hvaða hátt finnst þér húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi? | 2 | 6 | 7 | 28 | 16 | 1 | 60 | 3,88 | **75%** | 81% | 92% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda? | 0 | 2 | 2 | 35 | 14 | 0 | 53 | 4,15 | **92%** | 92% | 85% |
| Hvernig metur þú samhljóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans? | 0 | 0 | 3 | 36 | 19 | 1 | 59 | 4,31 | **95%** | 90% | 92% |
| Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri? | 0 | 0 | 1 | 28 | 23 | 3 | 55 | 4,51 | **98%** | 90% | 97% |
| Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda? | 0 | 0 | 6 | 30 | 21 | 0 | 57 | 4,26 | **89%** | 80% | 86% |
| Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi? | 0 | 1 | 5 | 28 | 14 | 5 | 53 | 4,32 | **89%** | 77% | 81% |
| Hvernig metur þú undirbúning, skipulag og framkvæmd vettvangsferða á vegum skólans í héraðinu? | 2 | 6 | 2 | 25 | 24 | 2 | 61 | 4,13 | **84%** | 92% | 92% |
| Hvernig mat leggur þú á staðbundna heimabyggðarfræðslu þar sem sögu, menningu og þróun atvinnulífs í héraðinu eru gerð skil allt frá landnámsöld til okkar daga? | 4 | 15 | 9 | 19 | 4 | 0 | 51 | 3,08 | **45%** | 55% | 55% |
| Hvaða mat leggur þú á undirbúning, skipulag og framkvæmd safnafræðslu í skólanum? | 2 | 6 | 9 | 25 | 9 | 1 | 52 | 3,69 | **67%** | 59% | 58% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkja? | 0 | 0 | 0 | 8 | 41 | 15 | 64 | 5,11 | **100%** | 100% | 97% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd friðargöngu? | 0 | 0 | 0 | 5 | 45 | 15 | 65 | 5,15 | **100%** | 100% | 96% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þorrablóts? | 0 | 0 | 3 | 21 | 37 | 4 | 65 | 4,65 | **95%** | 98% | 94% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttadags? | 0 | 1 | 1 | 14 | 42 | 7 | 65 | 4,82 | **97%** | 97% | 97% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkja? | 0 | 0 | 0 | 5 | 33 | 6 | 44 | 5,02 | **100%** | 100% | 96% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita? | 0 | 0 | 0 | 6 | 40 | 18 | 64 | 5,19 | **100%** | 100% | 93% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þemadaga? | 1 | 1 | 0 | 23 | 35 | 3 | 63 | 4,57 | **97%** | 92% | 88% |
| Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda? | 0 | 1 | 0 | 13 | 41 | 9 | 64 | 4,89 | **98%** | 100% | 97% |
| Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi? | 0 | 0 | 2 | 18 | 38 | 4 | 62 | 4,71 | **97%** | 94% | 91% |
| Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)? | 0 | 0 | 1 | 22 | 33 | 1 | 57 | 4,60 | **98%** | 94% | 89% |
| Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða? | 0 | 0 | 3 | 16 | 41 | 3 | 63 | 4,70 | **95%** | 90% | 89% |
| Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans? | 0 | 11 | 15 | 24 | 8 | 2 | 60 | 3,58 | **57%** | 48% | 65% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)? | 1 | 8 | 15 | 26 | 12 | 0 | 62 | 3,65 | **61%** | 73% | 73% |
| Hvernig líður þér á vinnustað? | 1 | 1 | 5 | 18 | 28 | 10 | 63 | 4,60 | **89%** | 89% | 90% |
| Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins? | 0 | 0 | 0 | 1 | 26 | 25 | 52 | 5,46 | **100%** | 96% | 100% |

## Viðauki II, einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

### Viðauki 3: Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

| | |
|---|---|
| **Framúrskarandi** | Einkunnin ***framúrskarandi*** merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið. |

| | |
|---|---|
| **Mjög gott** | Einkunnin ***mjög gott*** merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi. |

| | |
|---|---|
| **Gott** | Einkunnin ***gott*** merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta. |

| | |
|---|---|
| **Fullnægjandi** | Einkunnin ***fullnægjandi*** merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum. |

| | |
|---|---|
| **Slakt** | Einkunnin ***slakt*** merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans. |

| | |
|---|---|
| **Ófullnægjandi** | Einkunnin ***ófullnægjandi*** merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum. |

## Viðauki III, gg. Nýr nemendagæðagreinir

| | |
|---|---|
| | **Lykilþáttur 2** |
| **Gæðagreinir nemenda**<br>**Skólastarf í Árskóla** | |

**Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:** **Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við fáum fjölbreyttan, hollan og góðan mat í mötuneytinu okkar. | | | | | | |
| B | Umgengni nemenda og starfsfólks í matsalnum er til fyrirmyndar. | | | | | | |
| C | Við höfum fjölbreytta afþreyingu á skólalóðinni og innanhúss. Vinaliðaleikir eru í boði fyrir alla. | | | | | | |
| D | Námið í skólanum er fjölbreytt og skemmtilegt og við fáum mikið út úr því sem við lærum. | | | | | | |
| E | Kennsluaðferðir í skólanum eru áhugaverðar, spennandi og skemmtilegar. | | | | | | |
| F | Okkur finnst upplýsinga- og tæknimennt vera orðin nógu þróuð til þess að við getum lært á réttan og góðan hátt. | | | | | | |
| G | Okkur finnst námsefnið vera við hæfi miðað við aldur og getu. | | | | | | |
| H | Í skólanum okkar dreifast kannanir, verkefnaskil og próf jafnt yfir skólaárið. | | | | | | |
| I | Kennarar gera okkur ljóst hver markmiðin með námi okkar eru. | | | | | | |
| J | Stundatafla er vel skipulögð og vel upp sett. | | | | | | |
| K | Nemendur hafa val um námsleiðir. Framboð á valgreinum fyrir nemendur á elsta stigi er til fyrirmyndar. | | | | | | |
| L | Okkur líður vel með bekkjarsystkinum okkar í skólanum og bekkjarandinn er góður. | | | | | | |
| M | Í skólanum okkar er stuðningsþjónustan góð. Þeir nemendur sem þurfa á stuðningi að halda með nám, andleg og félagsleg atriði fá þá þjónustu sem þeir þarfnast. | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| N | Starfsfólk kemur vel fram við nemendur og ber virðingu fyrir þeim og skoðunum þeirra. Samskipti á milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð. | | | | | | |
| O | Framkoma og samskipti nemenda er ætíð góð og nemendur til fyrirmyndar. | | | | | | |
| P | Útinám í öllum námsgreinum er til fyrirmyndar. | | | | | | |
| Q | Sérgreinastofur í skólanum eru vel tækjum búnar. | | | | | | |
| R | Námsaðstaða og umhverfi er til fyrirmyndar í skólanum. | | | | | | |
| S | Í skólanum okkar er starfað eftir eineltisáætlun Olweusar. Allir nemendur og starfsfólk taka virka afstöðu gegn einelti. | | | | | | |
| T | Nemendur sýna ávallt metnað og áhuga í náminu. Kennarar leggja sig vel fram við kennslu og sýna nemendum ávallt áhuga. | | | | | | |
| U | Í skólanum okkar er komið eins fram við bæði kynin og jafnrétti og sanngirni ríkir. | | | | | | |

**Matssamantekt nemenda:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarniðurstaða okkar | | | | | | |

***Athugasemdir um gæðagreini:***

***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki IV, gg. Læsi, markmið og leiðir**

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið  Skagafjörð

### ✓ *Læsi markmið og leiðir*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Í okkar skóla  leggjum við áherslu á eflingu læsis með því að setja fram skýr markmið um kennslu, leiðir og árangur | | | | | | |
| B | Sýn okkar er sú að lestur sé lykill að þekkingu og öllu námi | | | | | | |
| C | Við leggjum áherslu á að vinna með ritmálið á fjölbreyttan hátt | | | | | | |
| D | Við styðjum við og eflum börn í að byggja upp þekkingu og færni í notkun málsins. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði *Markvissrar málörvunar* | | | | | | |
| E | Við vinnum með hlustun, tal og ritun sem eina heild þar sem lögð er áhersla á hljóðavitund, orðaforðavinnu og sýnileika bókstafa og orða ásamt öðrum þáttum sem fléttast inn í ferlið, svo sem stafsetningu, málfræði og skrift | | | | | | |
| F | Allir kennarar í okkar skóla leggja áherslu á að auka lesskilning, orðaforða og málskilning markvisst í öllu starfi og námsgreinum með börnunum | | | | | | |
| G | Við notum byrjendalæsi sem kennsluaðferð í lestri á yngsta stigi grunnskólans | | | | | | |
| H | Við vinnum jöfnum höndum með merkingu máls og tæknilega þætti læsis | | | | | | |
| I | Við leggjum áherslu á að efla sjálfsmynd barna og skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki V, gg. Læsi, samstarf við heimilin**

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Samstarf við heimilin*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að foreldrar/forsjáraðilar taki virkan þátt í málörvun og þróun læsis barna sinna | | | | | | |
| B | Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að lesa reglulega fyrir börn sín því þannig leggja þeir sitt af mörkum til eflingar orðaforða og málþroska barna sinna | | | | | | |
| C | Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um mikilvægi eflingu málþroska sem hluta af undirbúningi fyrir lestrarnám | | | | | | |
| D | Við leggjum áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu vel upplýstir um hvaða leiðir er hægt að fara til að örva málþroska barna og hvað gert er varðandi lestrarþjálfun í skólanum | | | | | | |
| E | Við leggjum áherslu á heimalestur nemenda | | | | | | |
| F | Við leggjum áherslu á mikilvægi þátttöku og ábyrgðar foreldra/forsjáraðila og stuðnings þeirra varðandi heimalestur nemenda | | | | | | |
| G | Við öflum upplýsinga frá foreldrum/forsjáraðilum sem skipt gætu máli varðandi læsisþróun, málþroska og lestrarnám barna þeirra | | | | | | |
| H | Við upplýsum foreldra/forsjáraðila um framvindu lestrarnáms barna þeirra og málþroska með reglubundnum hætti | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***
***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki VI, gg. Læsi, samfella á milli skólastiga**

# Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

## ✓ *Samfella á milli skólastiga*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við gætum þess að samfella sé í lestrarnámi og lestrarkennslu á milli skólastiga og skólagerða | | | | | | |
| B | Við gætum þess að lestrarnám hvers barns byggist á fyrri reynslu barnsins og myndi samfellda heild | | | | | | |
| C | Kennarar starfa saman að og miðla upplýsingum um þekkingu og færni barna í læsi á milli skólastiga/skólagerða eftir því sem við á, í samstarfi og/eða með samþykki foreldra | | | | | | |
| D | Niðurstöðum skimunarprófsins „Leið til læsis“ sem lagt er fyrir að hausti í 1. bekk er skilað til leikskóla og umbótaáætlun unnin í kjölfarið | | | | | | |
| E | Við hefjum markvissa skráningu í ferilbók (Vörður á leið til læsis) við eins árs aldur og til loka 4. bekkjar, bókin fylgir barninu á næsta skólastig | | | | | | |
| F | Við byggjum brýr á milli skólastiga m.a. með gagnkvæmum heimsóknum kennara og nemenda, viðeigandi upplýsingaflæði og samstarfi | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***
***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki VII, gg. Læsi, lestrarhvetjandi umhverfi**

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Lestrarhvetjandi umhverfi*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við sköpum lestrarhvetjandi, málauðugt umhverfi sem kveikir áhuga og forvitni barna og hvetur þau jafnframt til rannsókna og athugana | | | | | | |
| B | Við höfum góða aðstöðu til að njóta lestrar í næði | | | | | | |
| C | Við höfum fjölbreytt, aðgengilegt, aldurssvarandi lesefni fyrir börn til að lesa sér til ánægju og yndisauka (s.s. bækur, rafrænt efni, tímarit, bæklinga, símaskrá, matreiðslubækur, veggspjöld, minnismiða, skilaboð, umbúðir, vörumerki og fl.) | | | | | | |
| D | Við merkjum hluti með orðum og setningum og leggjum áherslu á að nemendur læri að tákn hafi merkingu | | | | | | |
| E | Við leggjum áherslu á að dagsskipulag, reglur og fleira sé sýnilegt fyrir alla | | | | | | |
| F | Við höfum fjölbreytt gögn til ritunar aðgengileg í daglegu starfi | | | | | | |
| G | Við búum yfir ríkum aldurssvarandi efnivið og leikjum til örvunar máls, læsis og sköpunar (s.s. bókstafir í ýmsum gerðum, leikir og spil með bókstöfum, orðmyndum og setningum, gott aðgengi að gagnvirkum æfingum og leikjum sem nota má til mál- og læsisörvunar) | | | | | | |
| H | Við vinnum með fjölbreyttar tegundir texta og vinnum markvisst með þá í námi og kennslu (dæmi: söngvar, ljóð, skáldsögur, þjóðsögur, fræðitextar, leiðbeiningar og fl.) | | | | | | |
| I | Við erum góðar fyrirmyndir í lestri | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki VIII, gg. Læsi, einstaklingsmiðun**

# Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

## ✓ *Einstaklingsmiðun*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við gætum þess að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga hvers barns | | | | | | |
| B | Við störfum eftir hugmyndafræðinni *skóli án aðgreiningar* og leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám | | | | | | |
| C | Þegar grunur vaknar um mál- eða lestrarerfiðleika bregðast kennarar strax við og leita ráðgjafar hjá viðeigandi aðilum | | | | | | |
| D | Við leggjum áherslu á að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist út í alvarlegri vanda | | | | | | |
| E | Umsjónarkennarar grunnskólanna og deildarstjórar leikskólanna bera ábyrgð á að einstaklingsáætlanir séu unnar þar sem þörf er á og þeim framfylgt | | | | | | |
| F | Í einstaklingsáætlununum eru markmið, kennsla, þjálfun, eftirfylgni og mat skilgreint með skýrum hætti | | | | | | |
| G | Við notum námsmat til að meta framfarir hjá hverju barni og til að sjá hvar það er statt í námi miðað við jafnaldra | | | | | | |
| H | Við leggjum áherslu á að efla og byggja á styrkleikum hvers barns | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***
***Það sem þarf að bæta:***
***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***
***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki IX, gg. Læsi, tvítyngi og fjöltyngi**

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

### ✓ *Tvítyngi og fjöltyngi*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við bjóðum tvítyngdum og fjöltyngdum börnum upp á örvun og kennslu í móðurmálum sínum því á þeim grundvallast nám í nýja málinu | | | | | | |
| B | Við óskum eftir því að foreldrar/forsjáraðilar styðji við íslenskunám barna sinna og sjái jafnframt til þess að þau fái tækifæri til þess að þróa og rækta móðurmál sitt | | | | | | |
| C | Við gerum foreldrum/forsjáraðilum kleift að taka virkan þátt og fylgjast með lestrarkennslu og lestrarnámi barna sinna | | | | | | |
| D | Þegar verkefni, skimanir og próf tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda, sem varða málþroska, lestur og ritun eru metin er horft til þess að þau viðmið um árangur sem notuð eru miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál | | | | | | |
| E | Leitað er eftir upplýsingum frá foreldrum um málþroska tvítyngdra og fjöltyngdra barna út frá þeim tungumálum sem barnið notar | | | | | | |
| F | Tvítyngd og fjöltyngd börn hafa tækifæri til náms á þeirra móðurmálum samhliða íslenskunni | | | | | | |
| G | Við greiðum aðgengi tvítyngdra og fjöltyngdra barna að bókum á móðurmáli sínu | | | | | | |
| H | Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir móðurmáli barna á sýnilegan hátt í skólanum | | | | | | |
| I | Við beitum fjölbreyttum aðferðum í námi og kennslu til að barnið öðlist færni í íslensku | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

**Viðauki X, gg. Læsi, skimanir**

## Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið  Skagafjörð

### *Skimanir*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Við notum niðurstöður skimana á málþroska og læsi markvisst í þeim tilgangi að finna nemendur sem líklegir eru til að eiga í lestrarerfiðleikum | | | | | | |
| B | Við beitum snemmtækri íhlutun þar sem við á til að koma í veg fyrir að áhættuþættir fyrir ýmsum erfiðleikum þróist út í raunverulega erfiðleika síðar á lífsleiðinni (snemmtæk íhlutun er: menntunarfræðileg meðferð, stuðningur og þjónusta sem veitt er börnum undir átta ára aldri) | | | | | | |
| C | Við nýtum niðurstöður skimana  til grundvallar kennslu | | | | | | |
| D | Við nýtum niðurstöður skimana  við gerð einstaklingsáætlana fyrir alla nemendur sem reynast undir viðmiðum í þeim skimunum sem lagðar eru fyrir | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***

## Viðauki XI, gg. Læsi, verklag

### Gæðagreinir um Læsisstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

*Verklag*

**Okkar mat:**

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | Virkt læsisteymi er starfandi í okkar skóla sem heldur utan um og skipuleggur vinnu við gerð læsisistefnu. Teymið fundar að lágmarki tvisvar í mánuði | | | | | | |
| B | Fulltrúi/ar frá læsisteymi úr okkar skóla funda með læsisráði sem samanstendur af fulltrúum læsisteyma úr leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skagafirði, a.m.k. einu sinni í mánuði | | | | | | |
| C | Allir kennarar í okkar skóla og aðrir starfsmenn eftir því sem við á koma að vinnu við gerð læsisstefnu með leiðbeiningum og umsjón frá fulltrúum úr læsisteymi | | | | | | |
| D | Við höfum fengið góða kynningu á því hvernig unnið verður að læsisstefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Í Skagafirði og hvaða hlutverki við starfsfólkið gegnum í þeirri vinnu | | | | | | |

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

***Það sem þarf að bæta:***

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt: | | | | | | |

***Athugasemdir eða viðbót við gæðaviðmið:***

***Þátttakendur í mati:***